

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 ÍSAFJÖRÐUR

Garðabær, 3. maí 2024
Málsnúmer: 202404-0047
BK

Efni: Frístundabyggð í Dagverðardal í Skutulsfirði - Nýtt deiliskipulag

Vísað er í tölvubréf frá Ísafjarðarbær sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 18. apríl 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Dagverðardal í Skutulsfirði.

Deiliskipulagssvæðið liggur við rætur Hnífáfjalls sem skilur að Dagverðardal og Tungudal í Skutulsfirði og er 8,2 ha að stærð.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn, dags. 5. desember 2023, um skipulagslýsingu sama máls. Þar sem líklegt er að mestu neikvæðu áhrifin af framkvæmdinni verði á landslag og ásýnd þá ítrekaði stofnunin það sem fram kom í greinargerðinni um að allt rask verði lágmarkað og að hönnun húsa taki mið af því að falla sem best inn í umhverfið til að draga úr neikvæðum áhrifum á ásýnd svæðisins. Stofnunin benti einnig á að forðast ætti að raska votlendi innan svæðisins.

Í deiliskipulaginu er nú gerð nánari grein fyrir því hvernig ná á fram þessum markmiðum, s.s. hvað varðar efnisval og hönnun húsa.

Þar er einnig fjallað um hvernig plöntun trjáa innan svæðisins skuli hagað en Náttúrufræðistofnun vill hvetja til þess að einungis verði heimilt að planta innlendum trjátegundum, s.s. birki, og þá notast við þá birkistofna sem vaxa á Vestfjörðum. Einnig ætti að leggja áherslu á að koma í veg fyrir dreifingu lúpínu innan svæðisins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

